

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogskaupstað:

1. Á vestari akbraut og vestari brú nýs Hafnarfjarðarvegur og síðan eftir hinum gamla Hafnarfjarðarvegi skal vera einstefnuakstur til suðurs, frá bæjarmörkum Reykjavíkur að tengivegi við Hlíðarveg. Vegarkafli þessi skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
2. Á tengivegi Vogatungu við Hafnarfjarðarveg, Vogatungu norðan tengivegar þessa, tengivegi milli Vogatungu og Dalbrekku, Dalbrekku og eystri akbraut nýs Hafnarfjarðarvegur og eystri brú, skal vera einstefnuakstur til norðurs. Vegarkafli þessi skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
3. Á tengivegi af Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut skal vera einstefnuakstur til vesturs. Umferð af tengivegi þessum inn á Kársnesbraut viki fyrir umferð Kársnesbrautar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
4. Á Kársnesbraut—Nýbýlavegi frá tengivegi á Kársnesbraut að vestan að tengivegi við Nýbýlaveg að austan verði 3 akreinar, ein ekin til vesturs en tvær akreinar til austurs.
5. Kársnesbraut njóti aðalbrautarréttar með stöðvunarskyldu samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga fyrir umferð af Sæbólsvegi.
6. Á Kársnesbraut—Nýbýlavegi frá tengivegi að vestan að tengivegi að austan (sama svæði og 4. töluliður fjallar um) skal öll staða og stöðvun ökutækja bönnuð.
7. Nýbýlavegur skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga fyrir umferð af tengivegi milli Dalbrekku og Nýbýlavegar.
8. Á tengivegi milli Nýbýlavegar og Hafnarfjarðarvegur skal vera einstefnuakstur til norðurs. Þar sem tengivegur þessi tengist Hafnarfjarðarvegi skal Hafnarfjarðarvegur njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
9. Á öllum vegum þeim, sem að framan eru taldir að undanskildu því, sem greinir í 6. tölulið, skal staða ökutækja bönnuð.
10. Bann við framúrakstri, sem gilt hefur á Hafnarfjarðarvegi, er felld niður á þeim hluta vegarins, sem einstefnuakstur er á samkvæmt framansögðu.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 31. október 1969

Sigurgeir Jónsson.